

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Hveragerðisbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar ákveður og innheimtir gjöld árlega fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs í Hveragerðisbæ í samræmi við ákvæði 1. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Þá er Hveragerðisbæ heimilt að innheimta gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs, uppsetningu og rekstur nauðsynlegra innviða í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna.

2. gr.

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í Hveragerðisbæ samkvæmt eftirfarandi fyrir íbúðarhúsnæði:

<i>Fast gjald fyrir hvert heimili:</i>		
<i>Gjaldflokkur</i>	<i>Tegund</i>	<i>Gjald kr. á ári</i>
600100	Fast gjald pr. heimili	15.000
<i>Gjald fyrir blandaðan heimilisúrgang:</i>		
<i>Gjaldflokkur</i>	<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
600140	140 l spartunna	22.000
600240	240 l tunna	40.000
600660	660 l tunna	55.000
6001100	1.100 l tunna	95.000
600220	140/100 l tvískipt blandaður/lífrænn	32.000
<i>Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, pappírsefni:</i>		
<i>Gjaldflokkur</i>	<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
610140	140 l tunna	3.000
610240	240 l tunna	5.000
610660	660 l tunna	12.500
6101100	1.100 l tunna	20.000
<i>Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, plastefni:</i>		
<i>Gjaldflokkur</i>	<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
620140	140 l tunna	3.000
620240	240 l tunna	5.000
620660	660 l tunna	12.500
<i>Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, lífúrgangur:</i>		
<i>Gjaldflokkur</i>	<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
630140	140 l brún tunna	5.000
630240	240 l brún tunna	9.000

Fast gjald verður kr. 15.000 á íbúðarhúsnæði. Innifalið í fastagjaldinu er móttaka á gleri, textíl og málmum í grenndarstöðvum sveitarfélagsins auk hlutdeildar í föstum kostnaði við sorphirðuna. Gjaldi fyrir tunnur er ætlað að standa undir kostnaði við ílát, hirðu og förgun eða endurvinnslu úrgangs.

3. gr.

Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum og er gjalddagi gjalda vegna meðhöndlunar úrgangs hinn sami og fasteignagjalda. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar 14. desember 2023 með heimild í 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um sorphirðu og sorphirðun í Hveragerðisbæ nr. 1737/2022.

Hveragerði, 14. desember 2023.

Geir Sveinsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 22. janúar 2024